



FRÉTTABRÉF

Verkalýðsfélags Akraness

Desember 2013

Netfang: vlfa@vlfa.is • Heimasíða www.vlfa.is

Aðgerðahópur virkjaður



Nú þegar hálfur mánuður er liðinn síðan kjarasamningar á hinum almenna vinnumarkaði runnu út er ljóst að enn er himinn og haf á milli Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands hvað varðar samkomulag um nýjan kjarasaming og má segja að þar sé vægt til orða tekið.

Óhætt er að segja að afar þungt hljóð sé í fulltrúum samninganefndar SGS og með ólíkindum að SA skuli ekki vilja fara í þá vegferð með SGS að lagfæra hér þau skammarlega lágu lágmarkslaun sem ríkja á íslenskum vinnumarkaði. Um er að ræða launataxta sem eru einungis frá 191 þúsund upp í 227 þúsund krónur. Krafa Starfsgreinasambandsins er afar hófleg, að þessir taxtar hækki um 20 þúsund krónur sem myndi gera það að verkum að lægsti taxtinn færi upp í rétt rúmar 211 þúsund krónur. Þessu hefur samninganefnd SA hafnað alfarið og leggur til 2% hækkun á allt launafólk.

Það er með ólíkindum að forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins hafi yfir höfuð samvisku í sér til að bjóða sínum starfsmönnum upp á þessi launakjör. Það er gríðarlega mikilvægt að almenningur átti sig á því að fjöldi fólks þarf að draga fram lífið á þessum launum og kjarasamningar eru


oft eina tækifæri þeirra sem vinna á töxtum til að fá hækkun á launum sínum. Fjölmargar atvinnugreinar skila milljarða hagnaði, og samt starfar þar lágtekjufólk. Þetta á t.d. við um ferðaþjónustuna svo ekki sé talað um útgerðarfyrirtækin þar sem fiskvinnslufólkið starfar, en í útgerðinni nemur hagnaður í kringum 80 milljarða ár hvert á undanförunum árum.

Í ljósi þessa hefur samninganefnd SGS nú vísað kjarasamningsviðræðum til ríkissáttasemjara, enda er talið vonlítið um frekari árangur í samningaumleitunum. Jafnframt hefur aðgerðahópur SGS verið virkjaður og hefur hann þegar komið saman til fundar. Þetta þýðir á mannamáli að ef ekki nást samningar á næstu dögum og vikum þá er ljóst að það getur stefnt í einhvers konar átök á nýju ári ef aðilar Samtaka atvinnulífsins sjá ekki að sér og koma verulega til móts við lágtekjufólk hér á landi.

Það er gríðarlega mikilvægt að verkalýðshreyfingin standi nú þétt saman og hviki hvergi frá þeirri sanngjörnu kröfu sem lýtur að því að lagfæra kjör lágtekjufólks með afgerandi hætti eins og kröfugerð SGS kveður á um.

Verkalýðsfélag Akraness

óskar félagsmönnum og öðrum bæjarbúum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári



Skrifstofa félagsins

Skrifstofa Verkalýðsfélags Akraness er að Sunnubraut 13. Opíð er alla virka daga frá kl. 08:00 - 16:00. Utan afgreiðslutíma er hægt að ná í formann félagsins, Vilhjálmmur Birgisson, í síma 8651294.

Starfsmenn skrifstofu

Vilhjálmmur Birgisson
formaður
vilhjalmur@vlfa.is • 4309902

Björg Bjarnadóttir
skrifstofufulltrúi
bjorg@vlfa.is • 4309906

Dagbjört Guðmundsdóttir
skrifstofufulltrúi
dagbjort@vlfa.is • 4309903

Inga Maren Ágústsdóttir
skrifstofufulltrúi
inga@vlfa.is • 4309905

Elín Th. Reynisdóttir
starfsendurhæfingarráðgjafi
elin@vlfa.is • 4309904

Fréttabréf Verkalýðsfélags Akraness

Nr. 17 • 9. árgangur • desember 2013

Útgefandi: Verkalýðsfélag Akraness

Sími: 4309900 Fax: 4309901

Netfang: skrifstofa@vlfa.is

Ábyrgðarmaður: Vilhjálmmur Birgisson

Umsjón: Björg Bjarnadóttir

Prentun: Prentmet Vesturlands

Ávarp formanns

Kæru félagar.

Það er þyngra en tárum taki að hlusta á málflutning forsvarsmanna Samtaka atvinnulífsins þessa dagana þar sem þeir halda því stöðugt fram að aukin verðbólga í íslensku samfélagi sé lágtekjufólki að kenna. Nægir að nefna afar ógeðfella auglýsingaherferð samtakanna í því samhengi þar sem þeir leggja áherslu á að hækkun launa sé orsakavaldur þess að kaupmáttur hér á landi sé ekki að aukast.

Samtökum atvinnulífsins er afar tíðrætt um mikilvægi þess að auka kaupmátt launafólks og get ég að sjálfsgöðu tekið undir það með þeim. SA heldur því fram að tekist hafi að verja kaupmátt þeirra tekjulægstu á undanförunum árum, en öllu má nú nafn gefa þegar menn tala um kaupmáttaraukningu því ekki er allt sem sýnist þegar menn skoða aukinn kaupmátt og kaupmáttarskerðingu. Í síðustu samningum sem undirritaðir voru 5. maí 2011 hækkuðu lágmarkstaxtar SGS úr rúmum 157 þúsund krónum í 191 þúsund krónur sem gerir 34 þúsund króna hækkun en í prósentum talið nam þessi hækkun 21,5%. Allir sem störfuðu eftir launatöxtum fengu þessa hækkun.

Neyslúvísitalan á sama tímabili hækkaði hinsvegar um 13,2% sem þýðir að lágtekjufólk fékk 8,3% kaupmáttaraukningu. En takið eftir því að á bak við þessa kaupmáttaraukningu lá launahækkun upp á einungis 34 þúsund krónur í þriggja ára samningi.

Í þessum sömu kjarasamningum var einnig samið um prósentuhækkanir til handa þeim sem ekki taka laun eftir launatöxtum. Heildarprósentuhækkanir á samningstímanum námu 11,4% sem þýðir að einstaklingur sem var með eina milljón á mánuði hækkaði um 114 þúsund krónur á mánuði og einstaklingur með 2 milljónir í mánaðarlaun hækkaði um 228 þúsund á mánuði samkvæmt þessum umsömdu prósentuhækkunum. En takið eftir einu, í málflutningi Samtaka atvinnulífsins hafa bæði milljón króna maðurinn og tveggja milljóna króna maðurinn orðið fyrir kaupmáttarskerðingu upp á 2% af því hækkun neyslúvísitölunnar nam 13,2% en þeirra launahækkun aðeins 11,4%!

Já þetta sýnir svo ekki verður um villst að ekki er allt sem sýnist þegar talað er um aukinn kaupmátt. Lágtekjumaðurinn sem fékk 34 þúsund króna hækkun á sínum mánaðarlaunum á að hafa orðið fyrir gríðarlegri kaupmáttaraukningu upp á 8,3% en 2 milljóna króna maðurinn sem fékk 228 þúsund króna mánaðarlega launahækkun á að hafa orðið fyrir kaupmáttarskerðingu upp á 2%. Já hún er skráttin þessi hagfræði þegar kemur að því að ræða aukinn kaupmátt og kaupmáttarskerðingu!

Hagfræðilegu rökin hjá forsvarsmönnum Samtaka atvinnulífsins eru grátbrosleg þegar þeir halda því blákalt fram að lágtekjufólkið sem fékk 34 þúsunda króna hækkun sé orsakavaldur aukinnar verðbólgu hér, en minnst ekki einu orði á 2 milljóna króna mennina sem fengu launahækkun sem nam 228 þúsund krónum á mánuði.

Það er gríðarlega mikilvægt að verkafólk vítt og breitt um landið standi nú þétt saman og berjast af alefli fyrir því að kjör þeirra tekjulægstu verði bætt svo um munar. Það er kominn tími til að réttlæti og sanngirni ríki á íslenskum vinnumarkaði. Gleðileg jóll!



Vilhjálmmur Birgisson,
formaður VLFA

Félagsskírteini



Um áramótin mun félagsmönnum berast félagsskírteini frá VLFA. Kortinu ber að framvísa þegar nýta á afsláttar- og sérkjör hjá samstarfsaðilum Verkalýðsfélags Akraness. Undantekning eru sérkjör hjá Olís, Orkunni og N1, þar þarf að sækja um sérstakt viðskiptakort eða lykil. Þessi sérkjör eru kynnt betur á bls. 7.

VLFA á Facebook

Á Facebook geta félagsmenn látið sér „líka við“ Verkalýðsfélag Akraness og þar með fengið aðgang að ýmsum upplýsingum um starfsemi félagsins, fundi og aðra viðburði ásamt upplýsingum um þá þjónustu sem félagið veitir.

Á síðunni er reynt eftir föngum að minna á umsóknir um styrki, lausa bústaði, kynningar og slíkt.

VLFA styrkir góð málefni

Verkalýðsfélags Akraness er með samning við Landsbankann á Akranesi um öll bankaviðskipti félagsins. Í samningnum er ákvæði um að Landsbankinn greiði í sérstakan styrktarsjóð Verkalýðs félags Akraness sem nota á til að styrkja góðgerðamál á félagssvæði VLFA.

Stjórn VLFA hefur úthlutað 800.000 krónum úr styrktarsjóðnum á árinu og meðal annars styrkt sjúkrahúsið á Akranesi um kr. 300.000 sem varið verður til tækjakaupa og einnig lagt fé í söfnun fyrir línuhraðli á Landsspítalanum. Nú í desember fengu bæði Mæðrastyrksnefnd Akranesi og styrktarsjóður Akraneskirkju framlag úr sjóðnum í formi inneignarkorta í Bónus og munu Mæðrastyrksnefnd og sóknarprestur Akraneskirkju koma kortunum til þeirra sem á þurfa að halda nú fyrir jólahátíðina.

Stjórn félagsins er afar ánægð með að geta með þessum hætti létt örlítið undir með þeim sem á þurfa að halda, því ljóst er að margir eiga um sárt að binda um þessar mundir.

Desemberuppbót

Verkalýðsfélag Akraness hvetur félagsmenn til að fylgjast vel með því að desemberuppbót skili sér rétt. Desemberuppbót skal greiða eigi síðar en 15. desember ár hvert miðað við starfshlutfall og starfstíma, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfelld í starfi í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi fyrstu viku í desember.

Upphæð desemberuppbótar er mismunandi eftir kjarasamningum. Helstu upphæðir eru:

• Almennur vinnumarkaður	kr. 52.100,-
• Samiðn	kr. 52.100,-
• Ríkið	kr. 52.100,-
• Sveitarfélög	kr. 80.700,-
• Elkem og Klafi	kr. 146.230,-
• Norðurál	kr. 151.284,-

Vissir þú að...

...eftir eins árs starf hjá sama vinnuveitanda teljast fjarvistir vegna lögbundins fæðingarorlofs til starfstíma við útreikning desember- og orlofsuppbótar?

Áskorun til sveitarfélaga

Nú þegar sveitarfélög landsins eru hvert af öðru að leggja fram fjárhagsáætlanir fyrir árið 2014 vaknar sú spurning hvort sveitarfélögin ætli að hækka gjaldskrár sínar um áramótin. Reykjavíkurborg og sveitarfélagið Árborg hafa þegar tilkynnt að þar á bæ hafi fyrirhugaðar gjaldskrárhækkunar verið dregnar til baka, en sums staðar annars staðar hafa sveitarfélög kynnt hækkunar á gjaldskrár sínum um allt að 4-5%.

Verkalýðsfélag Akraness hefur þegar skorað formlega á Akraneskaupstað og hækka ekki gjaldskrár sínar um áramót. Rétt áður en blaðið fór í prentun barst það svar frá bæjarstjóra Akraneskaupstaðar að um áramót yrði ekki um aðrar hækkunar að ræða en hækkun á sorphirðugjaldi og fagnar félagið þeirri niðurstöðu.

Verkalýðsfélags Akraness skorar á sveitarfélög hvar á landinu sem þau eru, að standa með sínu fólki og halda aftur af gjaldskrárhækkunum sem annars myndu hafa verðbólguhvetjandi áhrif með slæmum afleiðingum fyrir skuldsett heimili svo og sveitarfélögin sjálf sem mörg hver eru skuldsett. Hátt verðbólguþig hefur þannig slæm áhrif bæði á afkomu sveitarfélaganna svo og heimilanna.

Veiðikort



Veiðikortið er komið í sölu á skrifstofu Verkalýðsfélags Akraness, í tæka tíð svo hægt sé að lauma einu slíku í jólapakka veiðimanna. Það er Orlofssjóður VLFA sem niðurgreiðir kortið um 50% til félagsmanna, fullt útsöluverð er kr. 6.900 en félagsmenn fá það á kr. 3.500 auk þess sem einn orlofspunktur er dreginn af félagsmanni við kaupin.

Veiðikortið verður áfram í sölu eftir áramót, en sölutímabil er frá því kortið er gefið út og fram á mitt sumar. Miðað er við að hver félagsmaður geti keypt eitt kort á ári.

Tvö ný vötn eru á Veiðikortinu 2014: Gíslholtvatn í Holtum og Vestmannsvatn í Suður-Þingeyjarsýslu, en Þingvallavatn II í landi Ölfusvatns dettur út.

Fosshótel



Á skrifstofu Verkalýðsfélags Akraness geta félagsmenn keypt gistinguá á Fosshótel. Fosshótel er keðja 9 hótela um allt land en athygli er vakin á því að tvö hótelanna eru staðsett í Reykjavík: Fosshótel Lind á Rauðarárstíg og Fosshótel Barón á Barónsstíg. Félagsmenn hafa sérstaklega verið að nýta þessi hótél í tengslum við árhátíðir og aðrar skemmtanir eða í helgarferðir til höfuðborgarinnar.

Gistimiðinn kostar kr. 6.000 og gildir fyrir tveggja manna uppabúið herbergi með baði og morgunmat. Félagsmenn bóka sjálfir gistinguna og taka fram að greitt verði með gistinguá sem þeir síðan kaupa á skrifstofu VLFA. Miðað er við að hver félagsmaður geti að hámarki keypt fimm gistinguá á ári.

Myndir úr dagsferð



Útsýnisnotið í Borgarvirki



Þjarg í Miðfirði. Gengið frá minnisvarða um Ásdís, móður Grettis sterka



Rabbað saman við Selasetrið á Hvammstanga



Þjörn Ingi Finsen fræðir ferðalanga um Gretti sterka og fjölskyldu hans



Minningarsteinn á Þrístöpum skoðaður

Ferð „eldri deildar“ VLFA

Miðvikudaginn 29. ágúst síðastliðinn héldu eldri félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness ásamt mökum í sína árlegu dagsferð á vegum félagsins.

Dagsferðir félagsmanna 70 ára og eldri hafa lengi verið fastur liður í starfi félagsins og í ár var ferðinni heitið norður á Blönduós með viðkomu á ýmsum áhugaverðum stöðum. Eins og undanfarin ár var farið undir dyggri leiðsögn Björns Inga Finsen.

Haldið var af stað frá Akranesi stundvíslega klukkan 8:30 að morgni. Ferðalangarnir voru 100 talsins og skiptust í tvær rútur. Á leiðinni sagði Björn frá ýmsum fróðleiksmolum sem tengdust umhverfinu hverju sinni og þegar kom að Bifröst var farinn lítill hringur um svæðið og umhverfið þar skoðað út um glugga rútunnar.

Áfram var haldið og næst var áð í Staðarskála þar sem gott var að rétta úr sér og sumir fengu sér smávegis hressingu. Eftir stutt stopp var haldið í átt að Bjargi í Miðfirði. Þar fæddist Grettir sterki Ásmundarson skömmu fyrir aldamótin 1000 og þar hefur verið reistur minnisvarði um Ásdísi, móður hans. Þeir sem treystu sér til gengu upp að minnisvarðanum en aðrir létu sér nægja að lesa sér til um sögu staðarins á skilti sem staðsett er niðri við veginn. Víða í nágrenni Bjargs eru sögufrægir staðir sem tengjast ævi Grettis og sagði Björn farþegum frá nokkrum þeirra.

Næst var keyrt að Þingeyrum þar sem merk steinkirkja stendur. Kirkjan var reist á 19. öld og er úr grjóti sem límt er saman úr kalki. Þykir hún bæði fögur að utan og innan en því miður gafst ekki tími til að skoða hana að innan að þessu sinni þar sem komið var að hádegisverði. Hann var snæddur í félagsheimilinu á Blönduósi en það var veitingastaðurinn Potturinn sem sá um matinn. Boðið var upp á dýrindis súpu og fisk.

Áður en Blönduós var yfirgefinn var ekið upp að Blönduóskirkju en hún þykir nokkuð nýstárleg í útliti. Þá var kominn tími til að halda áfram ferðinni og nú var stefnan tekin að Þrístöpum þar sem síðasta aftakan á Íslandi fór fram árið 1830. Hluti hópans gekk um 200 metra



Fjölmarginir gengu alla leið upp að Borgarvirki



Sjórinn var spegilsléttur við Hvammstanga og tilvalið að fleyta kerlingar

að minningarsteini um aftökuna en aðrir skoðuðu upplýsingaskilti sem staðsett er við veginn.

Frá Þrístöpum lá leiðin að Borgarvirki sem er klettaborg staðsett milli Vesturhóps og Víðidals. Akstursleiðin þangað er falleg og þar er meðal annars útsýni yfir Vesturhópið. Fjölmarginir úr hópnum gengu upp að Borgarvirkinu þó að gönguleiðin þangað sé nokkuð erfið yfirferðar á köflum og má með sanni

segja að þessi heldri deild Verkalýðsfélags Akraness hafi verið einstaklega létt á fæti. Í nágrenni Borgarvirkis leyndist berjalýng og fóru sumir í berjamó á meðan á stoppinu stóð.

Eftir gönguna að Borgarvirki var ekið áfram sem leið lá að Vatnsenda þar sem Skáld-Rósa bjó. Þar var áð í stutta stund og útsýnisins notið. Þegar hér var komið sögu var farið að stytast í áætlaðan kaffítíma og var ekið meðfram vestanverðu Vesturhópi til baka að þjóðveginum. Þar fóru rúturnar tvær hvor í sína áttina en helmingur hópans fór í kaffi að Dæli á meðan hinn helmingurinn fór að Gauksmýri. Á báðum stöðum voru snæddar rjómapönnukökur með kaffinu. Rúturnar mættust aftur við afleggjarann að Gauksmýri og urðu samferða sem leið lá til Hvammstanga.

Á Hvammstanga skoðaði hópurinn Selasetrið, safn sem fjallar um lifnaðarhætti sela við Ísland. Þar var að finna ýmsan fróðleik í máli og myndum sem og uppstoppaða seli. Eftir að safnið hafði verið skoðað naut fólk þess að standa úti í logni og blíðu og spjalla saman. Komið var að heimför eftir góðan dag og var ekið frá Hvammstanga til Akraness í einum rykk.

Ferðalagið var vel heppnað í alla staði og vill félagið þakka leiðsögunum Birni Inga Finsen, bílstjórunum Atla og Sigurbaldri og síðast en ekki síst öllum þeim félagsmönnum sem komu með í ferðina og gerðu hana eins góða og hún var.



Þessir félagar fögnuðu kaffigestum í Gauksmýri

10 ára starfsafmæli



Þann 19. nóvember síðastliðinn átti stjórn Verkalýðsfélags Akraness 10 ára starfsafmæli. Það er óhætt að segja að á þessum 10 árum hafi félagið tekið miklum stakkaskiptum jafnt fjárhagslega sem og félagslega. Sem dæmi má

nefna að þegar núverandi stjórn tók við fyrir 10 árum var félagssjóður rekinn á yfirdrætti. Með öðrum orðum, félagið var fjárvana. Á þessum 10 árum hefur núverandi stjórn tekist að byggja upp sterkan fjárhag félagsins og stendur félagið nú mjög vel hvað það varðar. Auk þess hefur félagið styrkst félagslega jafnt og þétt öll þessi 10 ár sem sést m.a. á því að félagsmönnum hefur fjölgað um helming á þessum 10 árum, árið 2003 voru um 1500 félagsmenn í VLFA en nú eru þeir rétt um 3.000. Á þessum sama tíma hafa allir sjóðir félagsins aukið við réttindi til félagsmanna og til dæmis tekið upp fjölmarga nýja styrki til handa félagsmönnum, enda er það markmið stjórnar að láta félagsmenn ávallt njóta góðs þegar rekstur félagsins er jákvæður og það hefur hann verið öll þessi 10 ár.

Það er markmið stjórnar Verkalýðsfélags Akraness að reyna eftir fremsta megni að vera það stéttarfélag sem þjónustar sína félagsmenn hvað best hér á landi. Félagið hefur innheimt vegna hinna ýmsu kjarasamningsbrota á þessum 10 árum upp undir 220 milljónir sem gerir að jafnaði 22 milljónir á ári. Þetta sýnir svo ekki verður um villst hversu mikilvægt það er fyrir launafólk að hafa öflugt og sterkt stéttarfélag á bak við sig sem er tilbúið að berjast fyrir því að atvinnurekendur komist ekki upp með að brjóta kjarasamninga. En það er morgunljóst að vinna við að bæta og gæta að réttindum verkafólks mun aldrei taka enda, hér er um eilífðarverkefni að ræða.

Verðtryggingarmálið

Eins og kunnugt er ákvað stjórn VLFA fyrir ári síðan að höfða dómsmál þar sem reynt er á lögmæti verðtryggingar. Málið var þingfest í febrúar síðastliðnum og hefur málsmeðferðin því tekið afar langan tíma. Ákveðinn áfangasigur náðist þó í málinu nú í nóvember þegar Héraðsdómur Reykjavíkur samþykkti kröfu lögmanns VLFA um að aflað yrði ráðgefandi álits frá EFTA dómstólnum. Ekki liggur fyrir hversu langan tíma slíkt tekur, en allt eins má gera ráð fyrir að svörin berist ekki fyrr en eftir nokkra mánuði.

Stjórn VLFA hefur margoft ályktað um afnám verðtryggingar sem er eitt brýnasta hagsmunamál íslenskra heimila, enda nema verðtryggingar skuldir heimilanna í dag um 1.700 milljörðum króna sem þýðir að í 4% verðbólgu hækka skuldirnar um 68 milljarða á ársgrundvelli.

Áróðursvélin gangsett

Áróðursvél Samtaka atvinnulífsins var ræst í nóvember, rétt áður en kjarasamningar runnu út. Í stað þess að setjast að samningaborðinu með jákvæðum hug höfnuðu samtökin hófstílltum launakröfum og lögðu í ósvífna auglýsingaherferð þar sem vakin er athygli á því að launahækkningar séu verðbólguhvetjandi, hækki skuldir heimilanna og auki atvinnuleysi. Því skuli verkafólk ekki óska sér hærri launa í nýjum kjarasamningum og varað við hækkun launa umfram 2%. Ekki er minnst á launaskrið síðustu ára sem er langt umfram almennar hækkningar í kjarasamningum og ekki er minnst á hækkningar á vöru og þjónustu sem launafólk hefur þurft að taka á sig möglunarlaust. 2% hækkun á lágmarkslaunu eru 4.000 krónur. Eftir skatta er kannski hægt að kaupa eina litla pizzu og kók fyrir hækkunina.

Þessari herferð SA var að sjálfsgöðu svarað af hörku, Verkalýðsfélag Akraness og stéttarfélagið Framsýn á Húsavík sendu frá sér ályktun þar sem þessi auglýsingaherferð er fordæmd og fleiri stéttarfélög hafa einnig sent frá sér ályktanir og auglýsingar þar sem þessi málflutningur SA er gagnrýndur harðlega.

Vissir þú að...

... ef þú ert á vinnumarkaði og stundar nám samhliða vinnu eða ferð á námskeið þá átt þú rétt á styrk frá þínu stéttarfélagi vegna skólagjalda og jafnvel vegna ferðakostnaðar?




Vissir þú að...

... allt vaktavinnufólk á rétt á vetrarfrí? Vetrarfrí er ekki aðeins fyrir vaktavinnufólk í stóriðju og hjá hinu opinbera, heldur á starfsfólk verslana, veitingahúsa, bensínstöðva og gististaða einnig rétt á vetrarfrí. Vetrarfrí getur verið allt að 12 dagar á ári og skal vetrarfrí veitt á tímabilinu 1. október til 1. maí.

Sérkjör og afslættir fyrir félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness

Félagsskírteini Verkalýðsfélags Akraness gildir sem afsláttarkort hjá fjölda fyrirtækja og þjónustuaðila á Akranesi. Við hjá VLFA erum afar þakklát og ánægð með þetta góða samstarf sem hefur gengið frábærlega og hefur mikill fjöldi félagsmanna notið góðs af þeim sérkjörum sem samstarfsaðilarnir bjóða.



Samstarfsaðilar Verkalýðsfélags Akraness eru:

Apótek Vesturlands: 10% afsláttur af vörum í búð (ekki lyfjum)

Bifreiðaverkstæðið Brautin: 7% afsláttur af vinnu

Bílar og dekk: 10% afsláttur af dekkjum

Dekur snyrtistofa: 10% afsláttur af allri þjónustu og vörum

Gallerí Ozone: 10% afsláttur

Omnis: 15% afsláttur af skólavörum, skrifstofuvörum og bleki, 5% afsláttur af tölvum og öðrum vörum

LH Bókhald: Lilja Halldórsdóttir viðurkenndur bókari, 15% afsláttur af vinnu við bókhald og skattframtalagerð

Model: 5-10% afsláttur af ýmsum vörum, blómum, gólfefnum og tækjum, sjá nánar á www.vlfa.is

N1: Umtalsverður afsláttur á eldsneyti, vörum og þjónustu. Sækja þarf um sérstaklega, sjá nánar á www.vlfa.is

Olís: Umtalsverður afsláttur á eldsneyti, vörum og þjónustu. Sækja þarf um sérstaklega, sjá nánar á www.vlfa.is

Orkan: Umtalsverður afsláttur á eldsneyti, vörum og þjónustu. Sækja þarf um sérstaklega, sjá nánar á www.vlfa.is

Ormsson: 5-10% afsláttur af ýmsum vörum

Rafþjónusta Sigurdórs: 5% afsláttur af vinnu og 10% afsláttur af efni

Sigurður Þór Elísson, ökukennari: 10% afsláttur af ökukennslu til félagsmanna og barna þeirra

Trésmiðjan Akur: 7% afsláttur af vinnu

Tryggingafélagið VÍS: 5% afsláttur af iðgjöldum óháð öðrum afsláttarkjörum sem félagsmenn kunna að hafa



Verkalýðsfélag Akraness

Sunnubraut 13 • 300 Akranes • Sími 430 9900 • Fax: 430 9901 • skrifstofa@vlfa.is

Hvað gerir félagið fyrir þig?



Félagssjóður:

- Gerð og túlkun kjarasamninga
- Lögfræðiráðgjöf
- Innheimta vangreiddra launa
- Aðstoð við varðveislu áunninna réttinda



Sjúkrasjóður:

- Sjúkradagpeningar
- Heilsueflingarstyrkur
- Heyrnartækjastyrkur
- Styrkur vegna heilsufarsskoðana
- Styrkur vegna glasa-, tæknifrjóvgunar eða ættleiðingar
- Fæðingarstyrkur
- Styrkur vegna meðferðar hjá sálfræðingum
- Gleraugnastyrkur
- Styrkur vegna göngugreiningar og innleggjakaupa
- Dánarbætur



Orlofssjóður:

- Orlofshús, sumar- og vetrarleiga
- veiði- og Útilegukort með 50% afslætti
- Ódýrari gisting á Fosshótelum og Edduhótelum
- Frír aðgangur að tjaldsvæðinu í Svínadal og veiði í vötnunum þremur
- Ferð í boði félagsins fyrir eldri félagsmenn
- Ódýrari ferðir í Hvalfjarðargöng og með Herjólfri



Vinnudeilusjóður:

- Styrkir í verkföllum eða verkbönnum



Fræðslusjóður:

- Styrkir vegna náms sem eykur möguleika á vinnumarkaði 75% af kostnaði upp að kr. 60.000, af þeirri upphæð má nota kr. 20.000 vegna tólmstundanáms
- Meirapróf er styrkt um kr. 100.000

*Óskum félagsmönnum
Verkalýðsfélags Akraness
gleðdegra jóla og farsæls nýs árs*

BIFREIÐASTÖÐ ÞÞÞ
Dalbraut 6 • 431 1500

BIFREIÐAVERKSTÆÐIÐ BRAUTIN
Dalbraut 16 • 431 2157

EFLING STÉTTARFÉLAG
Sætúni 1 • 510 7500

HM PÍPULAGNIR
Vesturgötu 119 • 431 4666

MODEL
Þjóðbraut 1 • 431 3333



Sjómenn athugið!

Aðalfundur Sjómannaeyðdar Verkalýðsfélags Akraness verður haldinn mánudaginn 30. desember nk. kl. 14:00 í fundarsal félagsins að Sunnubraut 13.

Dagskrá:


1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Sjómenn eru eindregið hvattir til að mæta. Kaffiveitingar í boði.

Vissir þú að...

... allir geta haft áhrif í sínu stéttarfélagi? Fyrsta skrefið er oft að mæta á félagsfundi og láta í sér heyra. Einnig er kjörið að koma á aðalfund sinnar deildar þar sem stundum vantar fólk í stjórn eða trúnaðarráð.

Krossgáta




Lárétt

- 1 Réttindi sigra U með þeim sem er ekki rangur (11)
- 8 Nöldur hests fær raflost (4)
- 9 Ekki sofa heldur titra fyrir vinnulotuna (7)
- 10 Greiða dilk í töflu (10)
- 13 Ber tjöru á garða (5)
- 14 var pásá? (3)
- 15 Fjólu druna stjórnar og trúnaðarráds? (10)
- 17 Tímabil loftar um rætur og lagnir (5)
- 18 Hámar kavíar í sig til að ná upp í topp (6)
- 19 Lítill kassi er kóðaheimili (8)
- 22 Kona talar um barn Birnu (3)
- 24 Raðir þátta, algengar um jól (6)
- 25 Eldfimt ryk í andlit (5)
- 26 Æ! Ensk skíði voni að dugi (4)
- 27 Hluti af geimnum um uppgufun (3)
- 28 Trúður og naðra gengu í MA og gegna mikilvægu starfi(13)
- 29 Launakraftur er eilíft baráttumál (10)
- 31 Púkastór stendur yfir í langan tíma (7)
- 33 Blæs lífi í kolin (5)
- 34 Geta fær nikkel (5)
- 37 Ið Ránar verður að glæp (8)
- 38 Refsing fyrir að fá vinnu (7)
- 39 Þótt ég hafni og einfaldlega neyti fæðu (5)
- 40 Hin innilega plata Sigurrósar (4)

Lóðrétt


- 1 Leiðtogi hefur 5 neðan á fæti til öryggis (10)
- 2 Ekur of mikið um barð (3)
- 3 Ek jurtt og fær laun fyrir (6)
- 4 Hávaxin jólapressa er tímakaup x 2,375 (15)
- 5 Hvikað pils heldur til veiða (10)
- 6 Arinn err joð verður hávaxni (5)
- 7 Magur mínus 1000+500, sonur Berþóru og Eggerts (5)
- 11 Vanþóknun sauðagæru (3)
- 12 Rök fót (3)
- 16 Óafturkvæm við einfaldar dyr um aðgerðir (11)
- 17 Þarf öryggi að vera bundið við lán? (12)
- 20 Kalli jós úr sveit (4)
- 21 Meðskrif til að gera annað eintak (6)
- 22 Tær fimmtug fær sér eitthvað matarkyns og lendir í þvotti (9)
- 23 Gangþjálfun hests er lærdómstímabilið (10)
- 24 Myndataka kers er geymði blóð Kvasirs (5)
- 29 Hressing undir yfirborði með finnsku léni (5)
- 30 Barátta Ninnu er sigruð (5)
- 32 Rólan er einhvern veginn staðsetningartæki (5)
- 35 Stuldur sjávargyðju (3)
- 36 Næstum því inn um ð verður fag (3)

Lausnarorðið er ákveðinn vettvangur:



Lausnarorð berist skrifstofu VLFA fyrir hádegi 6. janúar 2014, bréfleidis ellegar í tölvupósti á skrifstofa@vlfa.is. Úr innsendum lausnum félagsmanna verða dregnir fimm vinningar. Í verðlaun eru tveir gistimiðar á Fosshótel, ein helgi í orlofshúsi VLFA, árskort í sund og þriggja mánaða kort í þrek og sund.

Virk - Starfsendurhæfingarsjóður




Hjá VLFA starfar ráðgjafi á sviði starfsendurhæfingar á vegum VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. Hlutverk VIRK er að draga markvist úr líkum á því að starfsmenn hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni og eflingu starfsendurhæfingar. Starfsemi VIRK miðar að því að ná heildarsýn yfir möguleika einstaklinga til starfsendurhæfingar þegar litið er til heilsu, félagslegs umhverfis, reynslu, viðhorfa og væntinga. Það er mikilvægt að beina sjónum að því sem einstaklingar geta, fremur en því sem þeir

geta ekki. Lögð er áhersla á að virðing sé borin fyrir hverjum einstaklingi og að trú hans á eigin getu sé markvisst eflað.

Mikil lífsgæði eru falin í því að vera fjárhagslega sjálfstæður og virkur í leik og starfi. Horft er á möguleika hvers einstaklings og leiðir fundnar til að styrkleikar hans geti notið sín. Markmið VIRK er að sem flestir geti verið virkir þátttakendur í atvinnulífinu.

Ráðgjafar VIRK eru í samstarfi við ýmsa aðila og þar má til dæmis helst nefna vinnumarkaðinn, úrræðaaðila sem vinna með einstaklingum í þjónustu, heilbrigðiskerfið og velferðastofnanir. Mikilvægt er að byggja upp gott og árangursríkt samstarf við þessa aðila með það að markmiði að tryggja einstaklingum nauðsynlega og viðeigandi þjónustu

Ráðgjafar á vegum VIRK hafa verið starfandi á Akranesi frá 2009. Heildarfjöldi einstaklinga sem hafa leitað til VIRK á Akranesi frá upphafi eru 175 talsins og er algengasti aldur þátttakenda 30- 49 ára.



*Óskum félagsmönnum
Verkalýðsfélags Akraness
gleðilegra jóla og farsæls nýs árs*

SJÓNGLERIÐ
Skólabraut 25 • 431 1619

VERSL. EINAR ÓLAFSSON
Skagabraut 9-11 • 431 2015

GAMLA KAUPFÉLAGIÐ
Kirkjubraut 11 • 431 4343

GÁMAÞJÓNUSTA VESTURLANDS
Höfðaseli 15 • 435 0000

OMNIS
Dalbraut 1 • 444 9901

Vissir þú að...

...Verkalýðsfélag Akraness gefur út dagbók? Hún er full af fróðleik, en samt litil og hentug til að halda utan um vaktatöflur og þessa litlu hluti sem gera lífið svo skemmtilegt. Dagbókin er fánleg á skrifstofu félagsins, Sunnubraut 13. Þú getur líka hringt í síma 4309900 og fengið dagbókina heimsenda með hraði!

MÁN.UD.	ÞRIÐJ.UD.	MIÐVIK.UD.	FIMM.T.UD.	FOST.UD.	LAU.	SUN.
		1 Nýársdagur	2	3	4	5 Nýársdagur þrátt fyrir
6 Nýársdagur	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17 Terningaleikuneyti áttán tölur	18	19
20	21	22	23	24 Terningaleikuneyti áttán tölur	25	26 Terningaleikuneyti áttán tölur
27 Terningaleikuneyti áttán tölur	28 Terningaleikuneyti áttán tölur	29	30	31		

Til minnis

Ábending: Til að veita fullgilda slagi í Verkalýðsfélag Akraness þarf að undirrita meðalabók.

JANÚAR

Við óskum félagsmönnum
Verkalýðsfélags Akraness
gleðilegra jóla!



Ekki gefa bara eitthvað,
gefðu frekar hvað sem er.



Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.

